

Vegagerðin setur upp skilti vegna fuglavarps á Rifi



Skiltið „Varúð-varpland fuglar á vegi“ fór upp við Rif fyrir helgina, voru það starfsmenn vegagerðarinnar sem settu skiltið upp. Nú fer í hönd sá tími að mikið af fugli er á og í kringum veginn. Búið er að taka niður hraðann á kaflanum frá neðra Rifi og upp fyrir efra Rif en þar er hraðinn 70 km á klst. Þegar svo líður á sumarið fer fuglunum

og ungum að fjölga við veginn, eiga til dæmis krían og ungarnir hennar það til að setjast á heitt malbikið og æðarkollan að fara yfir veginn með ungana sína á leið sinni í ósana og til sjávar, eru ökumenn hvattir til að virða hámarkshraða og vera á varðbergi gagnvart fuglunum.

þa

Fjölgun rýma á Jaðri



Þann 1. apríl síðastliðinn tók í gildi nýr samningur á milli Sjúkra-trygginga Íslands og Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars. Fyrri samningur sem staðið hefur síðan 20. desember 2019 um rekstur og þjónustu heimilisins gerði ráð fyrir 17 rýmum á Jaðri, 12 hjúkrunarrýmum og fimm dvalarrýmum. Nýr samningur gerir hins vegar ráð fyrir 19

rýmum á dvalar- og hjúkrunarheimilinu, 15 hjúkrunarrýmum og fjórum dvalarrýmum. Með þessari breytingu bætast þá tvö ný hjúkrunarrými við auk þess sem eitt dvalarrými mun færast yfir í hjúkrun. Þetta eru jákvæðar fréttir sem gleðjast má yfir og með þessari breytingu munu biðlistinn stytast og þjónustan í bæjarfélaginu eflast.

sj



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

Frönsk mynd tekin upp í sumar

Á næstu vikum hefjast kvikmyndatökur í Ólafsvík sem munu standa yfir í júní og júlí. Myndin sem um ræðir heitir *Woman at sea* og er gerð eftir margverðlaunaðri frönskri bók. Bókin fjallar um franska ævintýrakonu sem hefur nýtt líf við sjósókn í karllægum heimi á norðurhvara veraldar. Þarf hún að takast á við líkamlegt erfiði og náttúruöflin á sama tíma og hún horfist í augu við sjálfa sig og sigrast á ótta sínum.

Framleiðendur myndarinnar eru franskir og er þetta ekki í fyrsta skipti sem þau koma að kvikmyndagerð á Íslandi en þeir framleiddu meðalannarsmyndina *Kona fer í stríð* sem hefur notið mikilla vinsælda um allan heim. Um 35 til 40 manns munu starfa við tökur á myndinni og má búast við að þau byrji að tínast í bæinn um miðjan mánuðinn. Tökurnar munu svo hefjast í byrjun júní og bætast þá um 20 leikarar í hópinn frá Frakklandi, Belgíu og Íslandi ásamt aukaleikurum.

Bróðurpartur myndarinnar verður tekinn upp á sjó og við höfnina í Ólafsvík og hefur bátur af svæðinu verið fenginn til að skarta stóru hlutverki í myndinni. Umsvif slíkrar kvikmyndagerðar á bæjarfélagið eru gríðarleg og munu bæjarbúar og fyrirtæki vafalaust finna fyrir því. Eins og sjá



má á meðfylgjandi mynd standa breytingar nú þegar yfir í hluta af Áttthagastofu Snæfellsbæjar sem hugað er að nota í myndinni.

Fjöldi gistirýma í bæjarfélaginu hafa verið leigð til lengri tíma, Sker mun sjá fyrir veitingum og óskað hefur verið eftir aukaleikurum úr samfélaginu. Sumarið ætti því að verða líflegt á höfninni og í bæjarfélaginu öllu.

sj

Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrir.

Upplýsingar um auglýsingaverð
á www.steinprent.is



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Getraunir í Áttthagastofu



Senn líður að lokum getraunastarfsins þetta vorið. Á laugardaginn verðum við í Áttthagastofunni frá kl. 11.00 til 12.30 eins og fyrri laugardaga og bjóðum fólki að freista gæfunnar kaupa nokkrar raðir í getraununum. Fyrst og fremst er þetta stuðningur við starfið hjá Víking, en undir niðri kitlar hugsunin um að detta í lukkupottinn. Vinningar hafa komið nánast um hverja helgi hjá einhverjum okkar, mismunandi háir, þannig að það er „veidivon“

ef tippað er hjá Víking í Áttthagastofunni. Það er tilvalið að koma og ræða leik Víkings gegn Aftureldingu, sem verður á föstudagskvöldið, sem og starfið í sumar. Svo er spennan mikil í enska boltanum og sitthvað að ræða í þeim efnum. Þetta er næst síðasta skiptið hjá okkur, þar til í haust og því gaman ef okkur tækist að toppa fyrri sölu í þetta sinn. Kaffið verður á könnunni og kannski eitthvað með.

óhs

Skemmdir á ærslabelg á Hellissandi



Fyrir stuttu komu ungar dómur á fund bæjarstjóra Snæfellsbæjar og lýstu áhyggjum sínum vegna ærslabelgsins á Hellissandi. Bæjarstjórinn fór með þeim að taka út belginn og komust þau að því að búið er að skemma hann. Á hann er komið gat á stærð við fingurnögl, en einnig er búið að krotta hann allan út með steinum þannig að djúpar rispur eru í honum öllum.

Talið er að hægt sé að gera við ærslabelginn og mun verða látið

reyna á það, biðlað er til foreldra að ræða við börnin sín um hvernig umgangast eigi belginn og sömuleiðis brýna fyrir þeim að ef að ærslabelgurinn verður eyðilagður komi ekki nýr belgur í staðinn. Sá sem skemmir belginn er ekki einungis að skemma fyrir sér heldur mun sá hinn sami eyðileggja fyrir öllum. Skilar bæjarstjórinn einnig þökkum til þessara ungu stúlkna fyrir að koma þessari ábendingu til skila.

sj




- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

 Jökull Bæjarblað

 steinprent@simnet.is

 436 1617



Aðalfundur Golfklúbbsins Jökuls Ólafsvík

Aðalfundur Golfklúbbsins Jökuls verður haldinn 24. maí n.k. kl. 20 í kaffistofu HH í Rífi.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla formanns.
2. Ársreikningur 2020.
3. Kosning stjórnar.
4. Önnur mál.

Stjórn

Golfklúbbsins Jökuls Ólafsvík.

Nýir kennarar í Jógaklefanum



Jógaklefinn, ný aðstaða í Frystiklefanum til jógaíðkunar hefur farið virkilega vel af stað og námskeiðin þar verið vel sótt. 1. júní næstkomandi mun bæta í mannskapinn hjá Jógaklefanum og tveir nýir jógakennarar taka við kennslunni. Það eru þær Arna Dögg Tómasdóttir og Gunnhildur

Kristný Hafsteinsdóttir. Sumarið mun byrja á fjögurra vikna byrjendanámskeiði með Örnú Dögg og svo mun Gunnhildur halda úti námskeiði næsta haust. Það eru því spennandi tímar framundan í Jógaklefanum og nóg á döfinni fyrir jóga unnendur á Snæfellsnesi.

sj

Aflafréttir

Strandveiðar eru nú komnar á fullt og vel hefur veiðst hjá strandveiðibátunum sem og öðrum bátum í Snæfellsbæ hvort semer í net, dragnót eða handfæri. Alls komu á land í Snæfellsbæ dagana 3. til 9. maí 1753 tonn í 327 löndunum og því verið nóg að gera hjá starfsmönnum hafnanna sem og annarra sem að fiskinum koma. Í Rifshöfn komu á land 829 tonn í 87 löndunum, í Ólafsvík var landað 623 tonnum í 112 löndunum og á Arnarstapa var landað 189 tonnum í 128 löndunum enda flestir af handfærabátunum þar. Bárður SH 81 skipti af netum á dragnót þessa daga og landaði hann 5 tonnum í 1 löndun áður en hann skipti yfir á dragnót. Bárður SH 811 landaði hins vegar 88 tonnum í 7 löndunum. Hjá dragnótabátunum landaði Steinunn SH 184 tonnum í 5, Egill SH 74 tonnum í 3 og Gunnar Bjarnason SH 67 tonnum í 3 löndunum í Ólafsvík. Á Rifi landaði Saxhamar SH 87 tonnum í 4, Egill ÍS 84 tonnum í 3 og Rífsari SH 62 tonnum í 3 löndunum. Hjá litlu línubátunum landaði Hafdís SK 42 tonnum í 3, Kristinn HU 32 tonnum í 4, Brynja SH 23 tonnum í 4 og Sverrir SH 18 tonnum í 4 löndunum af þeim bátum sem landa í Ólafsvík og á Rifi landaði Stakkhamar SH 39 tonnum í 7,



Gullhólmi SH 35 tonnum í 2 og Arney HU 31 tonni í 6 löndunum. Stóru línubátarnir lönduðu þessa daga og landaði Örvar SH 121 tonni í 2, Rífsnes SH 104 tonnum í 2 og Tjaldur SH 60 tonnum í 1 löndun. Tveir grásleppubátar lönduðu Hjördís HU 8 tonnum í 7 og Rán SH 3 tonnum í 1 löndun. Handfærabátarnir voru fyrirferðamestir þessa daga en á Arnarstapa lönduðu 39 bátar

93 tonnum í 120 löndunum, í Ólafsvíkurhöfn lönduðu 29 bátar 56 tonnum í 70 löndunum og á Rifi lönduðu 18 bátar 50 tonnum í 48 löndunum.

Botnvörpubátarnir lönduðu einu sinni hver í Grundarfirði þessa daga Hringur SH 73 tonnum, Farsæll SH 72 tonnum,

Sigurborg SH 72 tonnum, Frosti ÞH 70 tonnum og Runólfur SH 62. Einn bátur á grásleppu landaði, Birta SH og landaði hún 7 tonnum í 6 löndunum. Í Grundarfirði lönduðu 16 handfærabátar 27 tonnum í 39 löndunum.

þa



Bifreiðaverkstæði Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Auglýsingaverð í Jökli

Heilsíða	34.440 +vsk
Hálfsíða.	24.570 +vsk
1/4 úr síðu	14.595 +vsk
1/8 úr síðu	11.340 +vsk
1/16 úr síðu	8.505 +vsk

Bæjarblaðið

JÖKULL